





Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022




Hluti af staðfestu aðalskipulag Þingeyjarsveitar, samþykkt 20.06.2011
mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar
mkv. 1:100.000

HELSTU SKÝRINGAR

- Efnistökusvæði
- Stofnvegir
- Helstu göngu- og reiðleiðir
- Háspennulinur
- Lögbylí
- Öbygð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Tengivegir
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar
- Þjóðskógar
- Iðnaðarsvæði



Hluti af Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022
Svæðið sem breytingin nær yfir

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur til að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt, vegna breytinga á efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdir Hólasandslínu 3. Breytingarnar felast í því að áður samþykkt efnistökusvæði fellur niður, en stað þess leyfðar – tímabundið – tvær minni námur, þar sem efniseiginleikar þeirra henta framkvæmdunum betur. Lítið er á að um óverulega breytingu sé að ræða, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.

Aðalskipulagsbreyting Þingeyjarsveitar vegna Hólasandslínu 3 var staðfest 2. júlí 2020. Þar er m.a. skilgreint umfang allra efnistökusvæða vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Tilfni breytinga

Í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 er ítarlega fjallað um efnistökuáhrif í tengslum við framkvæmdirnar. Ekki voru gerðar nákvæmar rannsóknir á sínum tíma á efnisgæðum námanna, enda svo metið að ekki væri æskilegt að fara með grófur inn á svæðin, þar sem burðarhæfir slóðar liggja að þeim í fæstum tilvikum.

Nú þegar framkvæmdir eru hafnar við línuna hafa efnistökusvæðin verið könnuð nánar. Komið hefur í ljós að efnisgæði námu E-60 (merkt N-12 í matsskýrslu) hentar ekki, en þess í stað önnur svæði í nágrenni hennar með gott vinnanlegt efni.

Staðhættir

Námurnar tvær (gróðursnaúðir malarhjallar) liggja sunnarlega í Eyjardal, skammt vestan við Eyjardalsá, í um 500 m hæð yfir sjávarmáli og skera sig á engan hátt frá umhverfinu í kring. Þá eru þær auk þess við fyrirhugaðan línuslóða og á áhrifsvæði raflíunnar.

Efnistökusvæðin

Í stað námu E-60 (merkt N-12 í matsskýrslu) er lagt til að taka efni úr tveim nýjum efnistökuáhrifum skammt frá. Efnið í flömunum er talið vera mun betra en það sem er í námu E-60. Auk þess sem áætlað er að vinna minna efnismagn úr þeim; um 22.000 m³ í stað 32.000 m³ úr námu E-60.

Breyting á greinargerð

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla 4.11.2 Efnistökusvæði :

Í Bárðardal:

E-60: Eyjardalsá (merkt N-12 í matsskýrslu). Áætlað flatarmál efnistöku er 12.000 m², áætlað rúmmál 32.000 m³. Ný náma. Efnistökusvæði er nær gróðursnaútt og því auðvelt að fella að nærumhverfi að lokinni efnistöku. **Efnistökusvæði er fellt niður.**

Bætt er við tveimur efnistökusvæðum í sama kafla og eru þau skilgreind á eftirfarandi hátt :

E-68: Eyjardalur. Áætlað flatarmál efnistöku er 5.300 m², áætlað rúmmál 12.000 m³. Ný náma. Efnistökusvæðið er gróðursnaúðir malarhjallar, sem auðvelt er að fella að nærumhverfi að lokinni efnistöku.

E-69: Eyjardalur. Áætlað flatarmál efnistöku er 4.900 m², áætlað rúmmál 12.000 m³. Ný náma. Efnistökusvæðið er gróðursnaúðir malarhjallar, sem auðvelt er að fella að nærumhverfi að lokinni efnistöku.

Heildarefnismagn úr námunum tveimur er áætlað um 22.000 m³, í stað 32.000 m³ úr námu E-60 (merkt N-12 í matsskýrslu).

Breyting á uppdrætti

Efnistökusvæðin tvö hafa verið færð inn á aðalskipulagsuppdrátt í mkv. 1:100.000 með brúnum lit/hringur, tákni fyrir efnistökusvæði. Efnistökusvæðin eru einnig færð inn á skýringaruppdrátt **S-08, Efnistökusvæði og vatnsból** í Viðauka VII.

Uppdráttur leiðréttur: E-49 breytt í E-48 og efnistökusvæði sem nefndist E-48 áður er tekið af uppdrættinum. Efnistökusvæði E-60 hefur verið tekið af uppdrættinum.

Áhrifamat

Um er að ræða gróðursnaúða malarhjalla, hliðstæða í útliti og efnistökusvæði E-60 (merkt N-12 í matsskýrslu). Umhverfisáhrifin verða því að öllum líkindum sambærileg og kemur fram í umhverfismati Hólasandslínu 3 fyrir þá námu - ef ekki minni - þar sem flatarmál og rúmmál þeirra er mun umfangs-minna. Námurnar tvær eru ekki stórar í sniðum, áhrifsvæði efnistökkunnar er staðbundið og framkvæmdasvæðið lítið. Áhrif efnistöku eru því metin óveruleg.

Efnið úr námunum verður notað í slóðir og sem fylling í undirstöður og stagfestur. Að efnistöku lokinni verður þeim lokað og frá þeim gengið þannig að þær falli sem best að umhverfi sínu.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

Þann 19.11.2020
Sveitarstjórn
Þingeyjarsveitar
Afgreiðsla sveitarstjórnar var auglýst þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 14. janúar 2021

Áskir Hólmþórunn
SKIPULAGSSTOFNUM

03.12.2020

hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa Ingólfsstræti 5 101 Reykjavík
sími: 511-7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is